

109 og tollinnsiglin, sem sett muni verða á þær í hvert sinn ; en tolleptirlitið muni skora á þá, er senda vörur til Íslands, að annast um, að slíkar sendingar komi sem sjaldnast fyrir.
12. okt. Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 12. oktr. 1876.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

110 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um styrk*
16. okt. til eflingar landbúnaði í vesturumdæminu. — Í framhaldi af brjefi frá 24. júlí þ. á. (stjórnartíð. B. 89) var samkvæmt tillögum amtmanns samþykkt, að verið verði af hluta vesturumdæmisins af því fje, sem með 10. gr. C 5. í fjárlögunum er ákveðið til jarðabóta á ári því, er nú stendur yfir.

100 kr. sem tillagi til styrks handa Sveini Sveinssyni búfræðing til að ferðast til Danmerkur nú í haust og kynna sjer þar ýmsar endurbætur í landbúnaði, sem kynni að mega hafa hliðsjón af við jarðabætur hjer á landi og

272 kr. sem styrk handa búnaðarfjelagi Hraunhrepps og Kolbeinstaðahrepps til að launa jarðyrkjumanni, sem fjelagið hefir þetta ár í þjónustu sinni fyrir 600 kr. í árs-laun.

111 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um styrk*
18. okt. til eflingar landbúnaði í norður- og austurumdæminu. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi frá 28. f. m., samþykki jeg hjer með, að lagður verði af hluta norður- og austurumdæmisins af fje því, sem með 10. gr. C 5. fjárlaganna, er ákveðið til jarðabóta á þessu ári, fróken Þórunni Elísabeth Halldórsdóttur frá Hofi í Vopnafirði 300 kr. styrkur til að ferðast í haust til Danmerkur og nema þar hina beztu og arðsömustu meðferð á mjólk.

112 — *Brjef landshöfðingja til yfir dómsins um útgáfu dómasafns.* — Jafn-
20. okt. framt því að senda mjer brjef Einars prentara Þórðarsonar frá 11. marz þ. á., þar sem hann býðst til að taka að sjer að gefa út um 1 ár dóma landsyfirrijettarins, og þá íslenzku dóma, sem dæmdir verða í hæstarjetti, með þeim skilmálum, að hann fái kostnaðarlaust handrit og prófarkalestur, og þar að auki 100 kr. þóknun, hefir yfir dómurinn í brjefi frá 25. f. m. tjáð sig fúsan á að láta honum í tje handrit af dómunum, og annast prófarkalestur, eins og hann áskilji, gegn sanngjarnri þóknun, er varla geti verið minni en 10 kr. fyrir hverja örk.

Tillögur þessar skulu hjer með samþykktar, og vonast jeg eptir að fá reikning um kostnaðinn, þegar búið er að prenta 1. ár af dómasafninu.

Fundarskýrslur amtsráðanna.

C.

Aukafundur amtsráðsins í suðurumdæminu, 29. ágústmánaðar 1876.

Amtsráðið var haldið í Reykjavík undir forsæti amtmannsins í suðuramtinu, og mœttu